

Fundargerð

Aukafundur Loftslagsráðs, 22. apríl 2020, kl. 13.00-16.00

Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði í ljósi Covid-19

Mættir:

Halldór Þorgeirsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Hrönn Hrafnisdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson, Marianna Traustadóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, Gunnar Dofri Ólafsson, Sigurður Thorlacius, Árni Finnsson, Steingrímur Jónsson, Hildur Hauksdóttir og Sigurður Eypórsson.

Bryndís Skúladóttir ráðgjafi, sótti fundinn.

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir ritaði fundargerð.

1. Aðgerðaáætlun í Loftslagsmálum

- a. Kynnt voru drög að áliti um aðgerðaáætlun sem unnin voru upp úr umræðum á fundi ráðsins 16. apríl og skriflegum athugasemdum fulltrúa í kjölfar hans. Lagt var upp með að álitid yrði ekki lengra en tvær síður en einnig yrði beinum ábendingum um orðalag komið beint til verkefnastjórnar til úrvinnslu.
- b. Umræður um drög að álitið. Talið var nauðsynlegt að skerpa á ákveðnum atriðum.
- c. Unnið verður úr þeim athugasemdum sem borist hafa og umræðum á fundinum. Bryndís Skúladóttir mun vinna áfram undir leiðsögn formanns og varaformanns og í framhaldinu verður fulltrúum sent lokaútgáfa til samþykktar.

2. Kynning á vinnu McKinsey & Company

- a. Klemens Hjartar, Jón Þorbjörnsson og Sigurður Tómasson kynntu aðkomu ráðgjafastofunnar að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.